



**Kveðja
frá
forseta Íslands
Ólafi Ragnari Grímssyni**

Enn á ný berst söngkveðja til Vesturheims, frændfólki og vinum til gleði og yndisauka. Margir kórar hafa á liðinni öld treyst ættarböndin með langferð yfir hafið. Nú færum við ykkur nýjung, afrakstur frumkvæðis og ferskrar sýnar sem mótuð hefur verið í söngsetri Esterar Helgu.

Nöfn kóranna eru svo sannarlega táknræn; ánægja líðandi stundar og fjölbreytt litadýrð eru andinn í hinum snjöllu heitum. Hér kemur saman fólk úr öllum áttum, hver og einn byggir á eigin getu og efniviður dagskrárinnar eru þjóðlög og gamlir tónar, dægurvísur og vinsæl ljóð sem skemmt hafa Íslendingum í langan tíma. Við vonum að undir söngnum hugsíð þið hlýtt til eyjunnar í norðri og tónleikarnir efli löngun ykkar til að heimsækja gamla landið.

Ræktarsemi við Gimli og Winnipeg og fleiri slóðir í Vesturheimi hefur verið okkur Íslendingum kappsmál og nú flytja skemmtilegir kórar ykkur öllum kærar kveðjur að heiman.

(sign.)